

Mál nr. 276/2008

M og

Vátryggingafélagið V v. lausafjártryggingar vegna innbrots.

Steypumótum var stolið þ. 1.4.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.12.2008. ásamt fylgiskjöllum 1-4.
2. Bréf V dags. 3.9. og 15.12.2008.

Málsatvik.

Unnið var við endurbætur á Grandagarði 8 og var nokkurt magn stálsteypumóta notuð við endurbætur á húsinu. Stálsteypumótin voru fjarlægð og var upplýst að þau hefðu þ. 1.4. 2008 verið hífð á flatvagn og hefði verið notaður byggingarkrani til verksins. Athafnasvæðið þar sem mótin voru geymd var ekki afgirt með lokaðri girðingu. M krefst bóta úr innbrotsþjófnaðartryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á að steypumótin hafi verið geymd úti og greiður aðgangur að þeim. Þá bendir V á ákvæði í 4. grein vátryggingaskilmála þar sem segir að vátryggingin nái ekki til þjófnaðar eða skemmda á lausafé sem geymt er í opnum skemmum, skýlum eða slíkum geymslum sem ekki eru varanlegar né tryggðar.

Álit.

Fyrir liggur að umrædd stálsteypumót voru geymd þar sem aðgangur var óhindraður. Miðað við ákvæði vátryggingaskilmála sem um tryggingu þá gilda sem hér ræðir um er tjón M ekki bótaskylt úr innbrotstryggingu hans hjá V þar sem mótin voru geymd á opnu óvörðu svæði.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr tryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 2.1. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.